

141. löggjafarþing 2012–2013.
Þingskjal 795 — 500. mál.
2. umræða.

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Íslandsstofu,
nr. 38/2010 (fjármögnun).

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ásbergsson frá Íslandsstofu, Högna S. Kristjánsson og Sesselju Sigurðardóttur frá utanríkisráðuneyti, Pétur Reimarsson frá Samtökum atvinnulífsins, Ernu Hauksdóttur frá Samtökum ferðaþjónustunnar og Laufeyju Guðjónsdóttur frá Samtökum skapandi greina.

Með frumvarpinu er lagt til að núverandi fjármögnun Íslandsstofu með markaðsgjaldi verði ótímabundin og þar með settur fastur fjárhagslegur rammi utan um starfsemina til lengri tíma. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að núverandi fyrirkomulag, þar sem markaðsgjald hefur verið einn helsti tekjustofninn, rennur sitt skeið á enda í lok ársins, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í lögum um Íslandsstofu, nr. 38/2010. Markaðsgjaldið var síðast framlengt vegna forvera Íslandsstofu, Útflutningsráðs, til fimm ára vorið 2007. Það tímabil fluttist óbreytt yfir til Íslandsstofu við yfirtöku réttinda og skyldna Útflutningsráðs með lögum nr. 38/2010.

Við umfjöllun nefndarinnar kom fram einróma stuðningur hagsmunaaðila við fyrirhugaða breytingu og töldu þeir brýnt að festa í sessi núverandi fyrirkomulag á fjármögnun Íslandsstofu með markaðsgjaldi. Þannig er festa tryggð í fjármögnun Íslandsstofu til framtíðar og óvissu í rekstri hennar eytt.

Við umfjöllun nefndarmanna komu einnig fram þau sjónarmið að markaðir tekjustofnar, eins og sá sem Íslandsstofa og forveri hennar hafa notið, séu um margt óæskilegir. Á undanförunum árum hefur oft komið til umræðu að draga verulega úr þeirri víðtæku mörkun ríkistekna sem lengi hefur tíðkast eða jafnvel afnema hana með öllu, bæði til að einfalda og styrkja fjárstjórnarvald Alþingis og fjármálastjórn stjórnarsýslunnar og til þess að draga úr ógagnsæi og sveiflum sem þetta fyrirkomulag veldur í fjárreiðum þeirra aðila sem tekjurnar renna til. Bent var á að fjárlaganefnd hefur í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið samið frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur ríkissjóðs. Tilgangur þess frumvarps er að afnema því sem næst svokallaðar markaðar tekjur, þ.e. skatta eða gjöld sem ríkissjóður innheimtir en er ráðstafað til tiltekinna málaflokka, verkefna eða reksturs stofnana. Jafnframt er gert ráð fyrir að viðkomandi fjárlagaliðir fái beint framlag úr ríkissjóði jafnhátt áætluðum tekjum. Frumvarpið felur ekki í sér skerðingu á framlögum til stofnana heldur eingöngu breytingu á framsetningu reikningsskila þeirra. Rétt er þó að taka fram að skiptar skoðanir eru um ágæti þeirrar leiðar sem umrætt frumvarp boðar og það hefur ekki enn verið lagt fram. Verði slík stefnumörkun að lögum mundi það væntanlega einnig taka til þess markaða tekjustofns Íslandsstofu sem hér er til umfjöllunar.

Nefndin telur að sú breyting sem lögð er til um að gera núverandi fjármögnun Íslandsstofu með markaðsgjaldi ótímabundna gangi gegn þeim sjónarmiðum sem lögð eru til grundvallar þeirri vinnu fjárlaganefndar sem lýst er að framan. Innan nefndarinnar hafa þó komið fram

Þau viðhorf að markaðir tekjustofnar eigi rétt á sér. Nefndin bendir á sérstöðu Íslandsstofu sem er samstarfsvettvangur fyrirtækja, hagsmunasamtaka, stofnana og stjórnvalda. Nefndin hefur jafnframt fullan skilning á þörfinni fyrir stöðugleika í rekstri Íslandsstofu og mikilvægi langtíma stefnumörkunar og áætlunargerðar. Nefndin leggur því til að fjármögnun Íslandsstofu með markaðsgjaldi verði framlengd til fimm ára.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða II í lögunum:

- a. Í stað ártalsins „2013“ tvisvar sinnum kemur: 2018.
- b. Í stað ártalsins „2012“ kemur: 2017.

Gunnar Bragi Sveinsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson skrifa undir álitid með fyrirvara sem lýtur að því að ekki er um varanlega lausn á fjármögnun Íslandsstofu að ræða. Bjarni Benediktsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. desember 2012.

Árni Þór Sigurðsson,
form., frsm.

Árni Páll Árnason.

Gunnar Bragi Sveinsson,
með fyrirvara.

Helgi Hjörvar.

Jón Bjarnason.

Mörður Árnason.

Ragnheiður E. Árnadóttir.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,
með fyrirvara.